

Dagsetning 1. mars 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, mál 342 og tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, **mál 343**.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Kostur er að fjarskiptaáætlun hefur verið samræmd annarri áætlanagerð opinberra aðila, meðal annars stefnumörkun ríkisstjórnarinnar Ísland 2020 og byggðaáætlun. Fjarskiptaáætlun er ætlað að stuðla að jákvæðri byggðaþróun og sett eru metnaðarfull markmið meðal annars um ljósleiðaravæðingu og uppbyggingu háhraðafarnets Þá er einnig stefnt að því að draga úr aðstöðumun fyrirtækja í þéttbýli og dreifbýli hvað varðar verð og framboð á fjarskiptaþjónustu.

Brýnt er að í fjarskiptaáætlun verði reynt að tryggja fullnægjandi pósthjónustu á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði*  
*Byggðastofnunar.*